



# Dagskrá Bókmenntahátíðar í Reykjavík

8.-11. september 2021

Viðburðir fara fram á ensku nema annað sé tekið fram. Aðgangur er öllum heimill og ókeypis er inn á alla viðburði. Skráningarskylda er á alla viðburði í takt við reglur sóttvarnarlæknis. Grímuskylda er á viðburðum. Viðburðum er streymt á Facebook-síðu Bókmenntahátíðar.

## Miðvikudagur 8. september

### Norræna húsið

#### Barnadagskrá: Lesið og skrifað með Múmínálfunum

Múmínálfasýningin býður upp á gagnvirka leið til að kynnst stafrófinu um leið og farið er í skoðunarferð um hinn töfrandi Múmíndal. Saman geta börn og fullorðnir kynnt sér figúrur og sögur úr Múmíndalnum og rætt tilfinningar eins og vonbrigði, sorg og ævintýraprá.

Hægt er að bóka leiðsögn fyrir leikskóla- og skólahópa með því að senda fyrirspurn á [hrafnhildur@nordichouse.is](mailto:hrafnhildur@nordichouse.is). Sýningin er unnin í samvinnu við Moomin Characters og stendur frá 08.09.2021 til 30.01.2022. Aðgangur ókeypis og öll velkomin.

### 16:00, Norræna húsið

#### Read Hour: Ósýnilega barnið

Hver þekkir ekki Múmínálfana, ævintýrapersónurnar sem glatt hafa bæði börn og fullorðna í áraraðir?

Í tilefni af Alþjóðlegum degi læsis þann 8. september bjóðum við ykkur á lestrarstund eða ReadHour að finnskri fyrirmynd þar sem lesið verður upp úr heillandi sögu Tove Jansson um *Ósýnilega barnið*. Saman förum við á slóðir Múmínálfanna og kynnumst hinni ósýnilegu Ninný, sem með hjálp Múmínfjölskyldunnar verður sýnileg á ný.

Dagskráin hefst á samtali Gerðar Kristnýjar og Sophiu Jansson um Tove Jansson og Múmínálfana og að því loknu tekur við upplestur á sögu Jansson sem fram fer á hinum ýmsu tungumálum. Um lesturinn sjá þau Sophia Jansson, Gerður Kristný, Eliza Reid, Erling Kjærbo, Stein Olav Romslo, Halla Nosøe Poulsen og Ann-Sofie Stude og munu þau lesa til skiptis á ensku, íslensku, dönsku, norsku, sænsku, finnsku og færeysku.

Viðburðurinn er partur af finnsku herferðinni Read Hour 2021 sem lesa má nánar um hér: [ReadHour](#). Deilið ykkar lestrarupplifun og lestrarábendingum á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #ReadHour!

Í samstarfi við Múmínálfana bjóðum við ykkur einnig á Múmínálfasýningu fyrir börn og fullorðna á bókasafni Norræna hússins þar sem hægt er að kynnst stafrófinu um leið

og farið er í skoðunarferð um hinn töfrandi Múmíndal. Nánari upplýsingar um sýninguna má nálgast hér: [Múmínálfasýning](#).

19:00, Iðnó

### **Setningarávarp: Barbara Demick**

Bandaríski rithöfundurinn og blaðamaðurinn Barbara Demick flytur setningarávarp Bókmenntahátíðar í Reykjavík og mun fjalla um rithöfunda sem með skrifum sínum hafa andæft stjórn alræðisríkja. Barbara Demick er margverðlaunaður bandarískur blaðamaður og rithöfundur sem er meðal annars þekkt fyrir greinar sínar um mannréttindamál og efnahags- og samfélagslegt umrót í Austur-Evrópu og Asíu. Hún stýrði Beijing-skrifstofu bandaríska stórblaðsins Los Angeles Times lengi og hafa tvær bóka hennar komið út á íslensku.

19:30, Iðnó

### **Hlutverk listar á okkar tímum**

Nina Wähä og Þórarinn Eldjárn. Stjórnandi: Arnar Eggert Thoroddsen.

Hér verður fjallað um merkingu listar í víðu samhengi. Rætt verður við höfundana Þórarinn Eldjárn og Ninu Wähä um hlutverk og erindi listarinnar. Þórarinn hefur í áratugi sinnt ritlist, skrifað skáldsögur og smásögur, samið ljóð og barnasögur og þýtt bókmenntaverk af ýmsu tagi. Nina Wähä sló í gegn með bókinni *Ættarfylgjan*, stórri fjölskyldusögu sem gerist við nyrstu landamæri Svíþjóðar. Hún er einnig söngkona hljómsveitarinnar Lacrosse. Stjórnandi umræðu er Arnar Eggert Thoroddsen.

20:30, Iðnó

### **Ljóðakvöld**

Gerður Kristný, Margrét Lóa, Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Ingólfur Eiríksson. Kynnir: Einar Kári Jóhannsson.

Á ljóðadagskrá Bókmenntahátíðar munu skáld lesa úr verkum sínum og auk þess lesa eftirlætisljóð sitt eftir annað ljóðskáld. Skáldin sem taka þátt í ljóðadagskránni eru Gerður Kristný, Margrét Lóa, Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Ingólfur Eiríksson. Kynnir er Einar Kári Jóhannsson.

21:30, Iðnó

### **Fáránleiki og veruleiki**

Ingólfur Eiríksson, Kristof Magnússon og María Elísabet Bragadóttir. Stjórnandi: Sigprúður Gunnarsdóttir.

Hvað má lesa út úr skrifum um fáránleika, eru slík skrif gagnrýni eða grín, eða kannski bara hvorugt? Í þessu pallborði verður fjallað um skrif um fáránleika og veruleika og allt þar á milli og leitað svara við því hvort það eigi að lesa eitthvað meira út úr slíkum skrifum en öðrum. Höfundarnir sem hér taka þátt hafa hafa allir skrifað verk þar sem fáránleiki kemur við sögu og eru þau Ingólfur Eiríksson, Kristof Magnússon og María Elísabet Bragadóttir. Sigprúður Gunnarsdóttir stýrir umræðum.

21:00, Radisson Blu Saga Hotel, 8. hæð

### **Off Venue: Tunglkvöld N°XII**

Tunglið er og verður málsvari næturinnar, lítilmagnans og hins föla skins. Tunglið forlag fagnar þess vegna þeirri staðreynd að daginn er farið að stytta og nóttina að lengja með útgáfu tveggja nýrra frumsamdra Tunglbóka. Þær koma út í 69 eintökum hvor. Á Tunglkvöldum er lesið upp úr bókunum, tónlist flutt, gjörningar framdir. Bækurnar tvær eru til sölu á meðan dagskráin lifir en það sem óselt er á miðnætti er sett á eldinn og brennt, í samræmi við hefðir, enda lifa Tunglbækur ekki nema í andartak.

Á Tunglkvöldi N°XII koma út bækurnar:

- Pulsur náttúrunnar eftir Pál Ivan frá Eiðum
- Gluggar – Draumskrá eftir Ástu Fanneyju Sigurðardóttur

## **Fimmtudagur 9. september**

11:00, Norræna húsið

### **Að skrifa sig frá sorg og missi**

Patrik Svensson og Halla Þórlaug Óskarsdóttir. Stjórnandi: Björn Halldórsson.

Sænski rithöfundurinn og blaðamaðurinn Patrik Svensson sló í gegn um heim allan með *Álabókinni* sem er bæði vísindaleg greining á álnum en líka ljóðræn og falleg minningabók um einstakt samband feðga og hvernig höfundur tekst á við föðummissi.

Halla Þórlaug vakti mikla athygli fyrir bókina *Þagnarbindindi*, brotakennda sögu sem fjallar á hispurlausan hátt um ástarsorg, móðurmissi og móðurhlutverkið. Stjórnandi umræðu er Björn Halldórsson, höfundur bókarinnar *Stol* sem kom út fyrr á þessu ári, en hún fjallar einmitt um sorg og föðurmissi.

12:00, Norræna húsið

### Heima og heiman

Khaled Khalifa og Maó Alheimsdóttir. Stjórnandi: Gauti Kristmannsson.

Hér verður fjallað um merkingu hugtaksins *heima*. Viðfangsefnið verður sífellt flóknara, enda hafa aldrei í sögunni fleiri verið fjarri sínu heima. Eða hvað? Hver er merking þess að vera heima? Er heima ákveðinn staður? Og hvað gerist þegar staðurinn sem þú kallar heimili þitt breytist, og verður gjörólíkur því sem þú hefur þekkt?

Mao Alheimsdóttir er af pólskum uppruna en býr og starfar á Íslandi, hér hefur hún valið sitt *heima*. Hún hlaut nýræktarstyrk fyrir bók sína *Veðurfregnir og jarðarfarir* sem væntanleg er til útgáfu. Khaled Khalifa býr og starfar í Sírlandi. Hann hefur ákveðið að halda í heimili sitt í Damaskus, þrátt fyrir að borgin og landið allt sé langt frá því að vera það heimili sem hann ólst upp á. Gauti Kristmannsson stýrir umræðum.

13:00, Norræna húsið

### Mörk skáldskapar og raunveruleika

Saša Stanišić og Vigdis Hjorth. Stjórnandi: Fríða Ísberg.

Hvar liggja mörkin á milli skáldskapar og raunveruleika? Hver er staða höfundarins gagnvart hinum óljósu mörkum ímyndunar og sannleika, fantasíu og staðreynda? Skáldsagan *Arv og miljö* er líklega þekktasta verk Vigdisar Hjorth og hefur verið þýdd á fjölda tungumála. Í henni fjallar Hjorth um konu sem stendur í erfðadeilu við fjölskyldu sína og ofbeldi æskuára aðalpersónunnar. Sterklega er gefið í skyn að bókinn sé að hluta til byggð á lífi höfundarins, en látið er liggja á milli hluta hversu langt það nær.

Saša Stanišić vakti mikla athygli fyrir ferska nálgun, frumlega notkun tungumálsins og fjórlegan frásagnarhátt. Hann hefur meðal annars skrifað um eigin reynslu í skáldsögum sínum, um upplifun ungs drengs af Bosníustríðinu sem leitar skjóls í sögum og frásögnum. Fríða Ísberg stýrir umræðunum.

15:30, Norræna húsið

### **Sögueyjan Ísland í tíu ár: pallborð um íslenskar bókmenntir erlendis**

Christopher MacLehose, Jurgen Boos, Regina Kammerer, Halldór Guðmundsson og Tina Flecken. Stjórnandi: Thomas Böhm. Kynnir: Stella Soffía Jóhannesdóttir.

Fyrir tíu árum síðan var Ísland heiðursgestur á Bókasýningunni í Frankfurt, stærstu bókasýningu í heimi. Verkefnið bar heitið Sögueyjan Ísland og vakti mikla athygli, bæði í Þýskalandi og á bókamessunni sjálfri. Við þetta tækifæri verður litið um öxl og rætt hvort, og þá hvernig, verkefnið gagnaðist íslenskum bókmenntum á erlendri grundu. Enn fremur verður rætt um framtíðarsýn Bókasýningarinnar í Frankfurt og gestalandsprógrammsins.

Opnunarávarp flytur Christopher MacLehose, útgefandi hjá Mountain Leopard Press. Þátttakendur í umræðum er Juergen Boos forstjóri Bókasýningarinnar í Frankfurt, Regina Kammerer útgefandi hjá btb og Luchterhand í Þýskalandi, Tina Flecken þýðandi íslenskra bóka á þýsku og Halldór Guðmundsson sem stjórnaði heiðursþátttöku Íslands. Thomas Böhm blaðamaður og útgefandi stýrir umræðum. Kynnir er Stella Soffía Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Bókmenntahátíðar í Reykjavík.

17:00, Off-Venue - Iðnó

### **Erindi - Póetík í Reykjavík: Útgáfuhóf**

Í tilefni tíu ára afmælis Reykjavíkur sem Bókmenntaborgar UNESCO hugleiddu fjórtán höfundar pistla um bókmenntir og sköpun frá persónulegu sjónarhorni. Þessu afmælisriti er ætlað að ýta undir vangaveltur um erindi skáldskaparins og stöðu hans í íslensku samhengi um leið og við sem lesendur fáum innsýn í þankagang höfundanna og sjálft sköpunarferlið. Pistlarnir eru eins ólíkir og höfundarnir eru margir, þeir eru sjálfsævisögulegir, skáldlegir, greinandi eða allt í senn. Ritið er gefið út af bókaútgáfunni Benedikt í samstarfi við Bókmenntaborgina.

Alexandra Briem, forseti borgarstjórnar, og rithöfundurinn Mazen Maarouf, sem er einn höfundanna, koma fram. Höfundar: Alexander Dan, Angela Rawlings, Auður Ava Ólafsdóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir, Bergsveinn Birgisson, Elías Knörr, Gerður Kristný, Hallgrímur Helgason, Hildur Knútsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Mazen Maarouf, Steinar Bragi, Steinunn Sigurðardóttir, Yrsa Sigurðardóttir. Ritstjóri: Kjartan Már Ómarsson.

19:00, Iðnó

### **Stríð og friður**

Saša Stanišić og Barbara Demick. Stjórnandi: Silja Bára Ómarsdóttir.

Hér verður fjallað um stríð og frið í skáldskap og fræðilegum skrifum. Höfundarnir Saša Stanišić og Barbara Demick hafa bæði skrifað um Sarajevo og Bosnía í sínum verkum. Stanišić flúði heimaland sitt fjórtán ára gamall og hefur síðan búið í Þýskalandi en hefur fjallað um Bosníustríðið í verkum sínum. Demick skrifaði sína fyrstu bók *Logavina Street: Life and Death in a Sarajevo Neighborhood* árið 1996 og fjallar þar um fjölskyldur af ýmsum trúarbrögðum sem bjuggu í sátt og samlyndi uns stríðið skall á.

Barbara Demick og Saša Stanišić koma saman á Bókmenntahátíð í Reykjavík í umræðum um stríð og frið, lokuð samfélög, ofurvald og flóttu undir stjórn Silju Báru Ómarsdóttur.

20:00, Iðnó

### **Ótrúlegt en satt**

Khaled Khalifa, Margrét Lóa og Alexander Dan. Stjórnandi: York Underwood.

Stundum er raunveruleikinn skrítnari en ótrúlegasta skáldverk. Þarf skáldskapur þó alltaf að vera í einhverjum tengslum við raunveruleikann? Hversu langt má ganga í hreinum uppspuna? Er hann hreinlega til? Hér ræðir umræðustjórinn York Underwood við þrjá höfunda um sannleikann og lygina, skáldskapinn, veruleikann og gráu svæðin á milli. Viðmælendur eru sýrlenski höfundurinn Khaled Khalifa, ljóðskáldið Margrét Lóa og furðusagnahöfundurinn Alexander Dan.

21:00, Iðnó

### **Myrkur og meinlegir skuggar**

Helene Flood, Monika Fagerholm og Gerður Kristný. Stjórnandi: Ivan Wadeson.

Hér er rætt við þrjár skáldkonur sem allar hafa skrifað um ofbeldi og myrkraverk í bókum sínum en á ólíkum forsendum. Hvaðan kemur innblásturinn og hvar liggur samúðin í verkunum? Hvað er svona spennandi við myrkur? Helene Flood hefur sent frá sér sálfræðilegan spennutrylli þar sem morð kemur við sögu, Monika Fagerholm skrifaði um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess út frá geranda og Gerður Kristný gaf meðal annars

út magnaðan ljóðabálk um þolanda ofbeldis. Ivan Wadeson frá bókmenntaborginni Manchester stýrir umræðum.

## Föstudagur 10. september

11:00, Norræna húsið

### Lokuð samfélög: Barbara Demick fjallar um verk sín. Samtal við Þóru Arnórsdóttur.

Barbara Demick er margverðlaunaður bandarískur blaðamaður og rithöfundur sem er meðal annars þekkt fyrir greinar sínar um mannréttindamál og efnahags- og samfélagslegt umrót í Austur-Evrópu og Asíu. Demick hefur skrifað þrjár skáldsögur sem á einn eða annan hátt fást við hugmyndir um stríð og lokuð samfélög.

Fyrsta skáldsaga Demick, *Logavina Street: Life and Death in a Sarajevo Neighborhood*, kom út árið 1996 og fjallar um Bosníustríðið og hvernig það sundraði íbúum Logavinagötunnar í Sarajevo þar sem öldum saman höfðu búið í sátt fjölskyldur sem aðhylltust ólík trúarbrögð. Í annarri skáldsögu hennar, *Engan þarf að öfunda: Daglegt líf í Norður-Kóreu* (2009) fléttast saman sögur af örlögum sex flóttamanna frá Norður-Kóreu sem segja frá daglegu lífi og grimmilegu hlutskipti í þessu einangraðasta ríki veraldar. Sú bók vakti gríðarlega athygli og fór sigurför um heiminn.

Í nýjasta verki sínu, skáldsögunni *Að borða Búdda: Líf og dauði í tibetskum bæ* (2020), varpar Barbara Demick ljósi á menningu sem hefur lengi verið rómantíseruð af Vesturlandabúum sem andleg og friðsamleg. Hún sýnir hvað það þýðir raunverulega að vera Tíbetbúi í nútímanum, reyna að varðveita menningu sína, trú og tungumál fyrir óstöðvandi ofurvaldi, gripdeildum þess og viðvarandi kúgun.

12:00, Norræna húsið

### Sagnfræði, sálfræði, Sci-fi

Sigrún Pálsdóttir, Helene Flood og Alexander Dan. Stjórnandi: Árni Matthíasson.

Hvernig kvikna hugmyndirnar? Bindur formið efnið eða öfugt? Í þessu pallborði verða ýmis form skáldskapar og fræðilega skrifa rædd, hvað formin eiga sameiginlegt og hvað skilur þau að. Hvað einkennir þessi skrif höfundanna og hvar liggja mörkin á millis skáldskapar og veruleika?



Sigrún Pálsdóttir hefur skrifað bæði skáldskap og fræðirit og líka bækur sem dansa þarna á mörkunum. Helene Flood sló í gegn um heim allan með skáldsögunni *Perapistanum* þar sem reynir á aðferðir sálfræðinnar og Alexander Dan skapar nýja heima og veruleika í bókum sínum. Stjórnandi umræðu er Árni Matthíasson.

14:00, Stóri salurinn, Háskólabíó

### Opinn fyrirlestur: Chimamanda Ngozi Adichie

Chimamanda Ngozi Adichie höfundur *Við ættum öll að vera femínistar* og *Hálf gul sól* flytur erindi í stóra salnum í Háskólabíói föstudaginn 10. september kl. 14.00. Fyrirlesturinn er á dagskrá Bókmenntahátíðar og er haldinn í samvinnu við RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum og Alþjóðlega jafnréttisskólann (GRÓ-GEST).

Fundarstjóri er Irma Erlingsdóttir og hún stýrir jafnframt umræðum eftir fyrirlesturinn. Chimamanda Ngozi Adichie er fædd og uppalin í Nígeríu en fluttist 19 ára gömul til Bandaríkjana. Hún er margverðlaunuð fyrir skáldsögur sínar *Purple Hibiscus* (2003), *Half of a Yellow Sun* (2006) eða *Hálf gul sól* í þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur og *Americanah* (2013). Hún er þekkt fyrir fyrirlestur sinn *We Should All Be Feminists* sem var einnig gefinn út á bókarfömi árið 2014 og kom út í íslenskri þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur undir titlinum *Við ættum öll að vera femínistar. Dear Ijeawele, or A Feminist Manifesto in Fifteen Suggestions* var gefin út árið 2017 og nýjasta bók hennar, *Notes On Grief*, sem fjallar um föðurmíssi, er nýútkomin. Verk hennar hafa verið þýdd á yfir þrjátíu tungumál.

16:00-17:30, Norræna húsið

### Smásögur heimsins: Alþjóðleg bókmenntahátíð í fimm bindum

Smásögur heimsins komu út í fimm bindum á árunum 2016 til 2020 í ritstjórn Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur, Jóns Karls Helgasonar og Rúnars Helga Vignissonar. Í bindunum er að finna 94 sögur frá 75 löndum og taka þau yfir sex álfur heimsins, að undanskildu Suðurskautslandi: Evrópu, Afríku, Asíu og Eyjaálfu, Rómönsku Ameríku og Norður-Ameríku. Um er að ræða eitt stærsta þýðingarverkefni seinni ára hér á landi þar sem 45 þýðendur lögðust á eitt og þýddu sögur úr sextán tungumálum.

Innlegg verða frá Einari Fal Ingólfssyni, Sigrúnu Ástríði Eiríksdóttur og fjórum nemendum úr ritlist og almennri bókmenntafræði, þeim Árna Árnasyni, Elínu Eddu

Þorsteinsdóttur, Marteini Knaran Ómarssyni og Vilborgu Bjarkadóttur. Viðburður fer fram á íslensku.

18:00, Off-Venue - Gröndalshús

### Fordrykkur með ljóðakollektívi

Lesið og skálað með Svíkaskáldum í Gröndalshúsi.

19:00, Iðnó

### Umhverfi og samviska

Patrik Svensson, Sverrir Norland og Egill Bjarnason. Stjórnandi: Þorvaldur Sigurbjörn Helgason.

Loftslagsváin vofir yfir og er samofin samvisku mannsins. Loftslagshamfarir af mannavöldum kalla á skjót og sterk viðbrögð. Hvernig er hægt að skrifa um aðsteðjandi ógn sem allir jarðarbúar þurfa að horfast í augu við? Hér verður umhverfi og samviska til umfjöllunar. Patrik Svensson er sænskur blaðamaður og höfundur bókarinnar *Álabókin, sagan um heimsins furðulegasta fisk*, en lífsafkomu álsins stendur ógn af breytingum á lífríki hafsins. Egill Bjarnason er blaðamaður og höfundur og hefur fjallað um Ísland í fjölmiðlum víða um heim. Nýverið gaf hann út bókina *How Iceland Changed the World: The Big History of a Small Island*. Fyrr á árinu gaf Sverrir Norland út bókina *Stríð og klíður* þar sem tækni, sköpun og loftslagsvá eru til umræðu. Pallborði stjórnar Þorvaldur Sigurbjörn Helgason.

20:00, Iðnó

### Húmor í skáldskap

María Elísabet Bragadóttir, Þórarinn Eldjárn og Joachim Schmidt. Stjórnandi: Kamilla Einarsdóttir.

Húmor birtist á ólíkan hátt í skáldskap. Hann getur verið myrkur, svartur, léttur, ískrandi og hrollvekjandi. María Elísabet Bragadóttir gaf í fyrra út smásagnasafnið *Herbergi í öðrum heimi* sem hlaut mjög góðar viðtökur og í sögunum má finna myrkan húmor. Þórarinn Eldjárn er þekktur fyrir fjölbreytta útgáfu ljóða, smásagna og skáldsagna en í mörgum verka hans er húmorinn allsráðandi. Joachim Schmidt er frá Sviss en hefur búið á Íslandi í 14 ár og gefið út skáldsögur og smásögur. Nýjasta bók hans heitir *Kalmann* og er væntanleg í íslenskri þýðingu en í þeirri bók er óhætt að segja að húmorinn sé svartur. Umræðum stjórnar Kamilla Einarsdóttir.

21:00, Iðnó

### Skeikulleiki minninganna

Halla Þórlaug Óskarsdóttir, Nadja Spiegelman og Leila Slimani. Stjórnandi: Gunnþórunn Guðmundsdóttir.

Minni er erfitt viðfangs. Vísindin segja okkur að í hvert skipti sem við framköllum minningu breytum við henni örlítið, búum til nýja, og úr verði minning um minningu. Sannleikurinn er vandfundinn. Hann er til í minni þeirra sem að máli koma, eða sögubókum þeirra sem þær fá að skrifa. En hver er ábyrgð höfundar þegar minningar hans verða að höfundarverki?

Halla Þórlaug Óskarsdóttir sló í gegn með ljóðsögu sinni, *Þagnarbindindi*, fyrstu persónu frásögn konu sem reynir að ná tókum á minningum um missi, ótta og þögnina. Nadja Spiegelman er höfundur bókarinnar *I'm Supposed to Protect You From All This*, sem fjallar um minningar og mæðgnatengsl. Bók Leilu Slimani, *Í landi annarra*, fjallar meðal annars um fjölskylduminningar sem lifa kynslóð til kynslóðar. Gunnþórunn Guðmundsdóttir stýrir umræðum.

## Laugardagur 11. september

11:00, Norræna húsið

### Barnadagskrá

Lesið og skrifað með Múmínálfunum: Upplestur á ýmsum tungumálum.

12:00, Norræna húsið

### Sögur af jaðrinum

Leila Slimani, Nina Wähä og Bergþóra Snæbjörnsdóttir. Stjórnandi: York Underwood.

Þær frásagnir sem birtast okkur í hversdeginum eru oft á tíðum fremur einsleitar. Hlutverk bókmennta hlýtur þó að einhverju leyti að hverfast um að opna heiminn frekar, að miðjusetja raddir af jaðrinum og skapa skilning. Ábyrgð hverra er það að skrifa slíkar bækur? Þarf höfundur sjálfur að vera jaðarsettur til þess að fjalla um viðfangið, eða er krafan á jaðarhópa um að útskýra sig í sífelli ósanngjörn? Í þessu pallborði verða sögur af jaðrinum ræddar. Leila Slimani, Nina Wähä og Bergþóra Snæbjörnsdóttir hafa allar á

einn eða annan hátt fjallað um fólkið á jaðrinum, hvort sem það er landfræðilega, samfélagslega eða andlega. York Underwood stjórnar pallborðinu.

13:00, Norræna húsið

### **Barnadagskrá**

Lesið og skrifað með Múmínálfunum: Upplestur á ýmsum tungumálum

13:00, Norræna húsið

### **Sjálfsmynd Íslendinga í bókmenntum og annað sjónarhorn**

Kristof Magnússon, Eliza Reid, Joachim Schmidt, Egill Bjarnason og Mao Alheimsdóttir. Stjórnandi: Halldór Guðmundsson.

Bókmenntalandið Ísland er tekið til skoðunar og sá ríki þáttur sem bókmenntir eiga, eða áttu, í sjálfsmynd þjóðarinnar. Er þetta fegrun eða sjálfsblekking? Hvernig blasir þetta við höfundum sem koma annars staðar að og sem fást við Ísland og hvernig skynja þeir bókmenntalandslagið hér? Hér taka til máls Kristof Magnússon, Eliza Reid, Joachim Schmidt, Egill Bjarnason og Mao Alheimsdóttir. Halldór Guðmundsson stýrir umræðum

14:00, Norræna húsið

### **Barnadagskrá**

Lesið og skrifað með Múmínálfunum: Upplestur á ýmsum tungumálum.

14:00, Norræna húsið

### **Orðstírshafar með höfundum**

Þýðendadagskrá þar sem handhafar Orðstírs, heiðursverðlauna þýðenda af íslensku á önnur mál, spjalla við höfunda. Salka Guðmundsdóttir stýrir umræðum. Viðburður fer fram á íslensku.

14:00, Meistaravellir (KR völluminn)

### **Off-Venue: Viðureign í fótbolta**

Fótboltaleikur útgefenda og rithöfunda er Bókmenntahátíðarhefð sem ekki má rjúfa. Æsispennandi keppni tveggja hópa sem sérstaklega eru þekktir fyrir íþróttamannslegt atgervi.

16:00, Veröld - hús Vigdísar

### **Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness**

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra afhendir Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness. Þetta er í annað skipti sem verðlaunin eru afhent en þau eru veitt alþjóðlega þekktum höfundi fyrir að stuðla að endurnýjun sagnalistar með verkum sínum, en fyrir það hlaut Halldór sjálfur Nóbelsverðlaunin á sínum tíma. Höfundur veitir verðlaunum viðtöku og flytur Fyrirlestur Halldórs Laxness. Í valnefnd verðlaunanna sátu Ian McEwan handhafi Bókmenntaverðlauna Halldórs Laxness árið 2019, Eliza Reid forsetafrú og Stella Soffía Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri Bókmenntahátíðar í Reykjavík.

21:00, Iðnó

### **Bókaballið**

Bókaballið er ómissandi lokahnykkur á dagskrá Bókmenntahátíðar. Öll velkomin.